


AUSTURLAND



Ljósmynd/ÓBS

Ótull George Walker stundaði merkar jarðfræðirannsóknir á Austfjörðum.

Kortlagði Austurland

GEORGE Patrick Leonard Walker kortlagði jarðfræði Austurlands ásamt nemendum sínum á árunum 1955 til 1965.

Walker skrifaði m.a. merka ritgerð um Breiðdalseldstöðina. Hann var við rannsóknir á sumrum allt frá Hornafirði til Norðfjarðar og íðulega með konu sína og unga dóttur með sér í tjaldi.

Walker fæddist í London 2. mars árið 1926. Hann lauk meistaraþrófi frá Belfast 1949 og fékk doktorsgráðu frá Leeds sjö árum síðar. Walker kenndi við Lundúnaháskóla frá 1951 til 1978. Hann stundaði rannsóknir á Íslandi á árunum 1955 til 1965 og sótti landið auk þess heim árin 1973 og 1988. Síðari rannsóknir Walkers voru einkum á Azoreyjum, Ítalíu, Kanaríeyjum, Nýja-Sjálandi, Indónesíu og Hawaií. Walker bjó eftir 1978 m.a. á Nýja-Sjálandi, Hawaií og síðast í London og lést snemma árs 2005, 78 ára gamall.

Walker skrifaði og birti margar ritgerðir um rannsóknir sínar á Íslandi. M.a. um jarðfræði Reyðarfjarðar, Fáskrúðsfjarðar, Breiðdals, Alftafjarðar og Þingmúla í Skriðdal. Hann skrifaði einnig vísindaritgerðir um landmótun, samsetta berganga, flikurberg og geislasteinabelti á Austurlandi og almennt um íslenska jarðfræði og landrek.

Í fótspor merks fræðimanns

Safn í minningu G. Walker á Breiðdalsvík

Eftir Steinunni Ásmundsdóttur steinnun@mbi.is

Breiðdalsvík | Stofna á jarðfræðisetur á Breiðdalsvík í sumar, í minningu breska jarðfræðingstins George P. L. Walker, sem stundaði ásamt nemendum sínum jarðfræðirannsóknir í Austfjarðafjöllum í áratug um miðja síðustu öld. Safn og aðstoða til fræðiaðkunar verða í elstu byggingu þorpsins, Kaupfélagshúsinu, sem byggt var 1906. Walker fékk m.a. íslensku fálkaorðuna fyrir rannsóknir sínar hér-lands.

„Setrið mun heita í fótspor George Walkers – Miðstöð um steindir og eldstöðvar og á að verða lifandi þekkingarsetur,“ segir Páll Baldursson, sveitarstjóri Breiðdalshepps. „Guðrún Sigríður Haraldsdóttir, leikmynda- og búiðngahönnuðir í Bretlandi, mun annast uppsetningu sýningar á fjölmörgum munum úr förum Walkers sem tengjast Austurlandi.“

Mikilsverð vísindagögn

Ómar Bjarki Smárason jarðfræðingur og eigandi Stapa-jarðfræðistofu, á hugmyndina að setrinu, enda doktorsnemi hjá Walker í eina tíð og hefur á honum miklar mætur sem vísindamanni og persónu. Ómar Bjarki hefur í samstarfi við ekkju og dóttur Walkers á Englandi farið í gegnum gögn, ljósmyndir og muni sem fýsilegt væri að hafa í safninu. Walker gaf honum skrifborðið sitt og nokkur frumrit af kortum 1978 í tilefni búferlaflutnings til Nýja-Sjálands og verða



Ljósmynd/ÓBS

Brennandi áhugi Walker við jarðfræðirannsóknir á hrambreiðu á Hawaií-eyjum. Eldfjallajarðfræði var honum m.a. hugleikin.

Í HNOTSKURN

» Á Breiðdalsvík verður í sumar opnað safn og fræðasetur tileinkað breska jarðfræðingnum Walker, sem stundaði m.a. jarðfræðirannsóknir á Austurlandi.

» Setrið á að þjóna ungum sem öldnum, almenningi, nemum og jarðvísindamönnum.

það fyrstu safngripir jarðfræðisetursins. „Við setjum upp safn um þá muni sem Walker lét eftir sig og við getum fengið, þ. á m. þúsundir flokkaðra slídesmynda héðan frá

Íslandi, viðamikil sérritasafn um eldfjallfræði og íslensku rannsóknirnar, bergþynnur, birt og óbirt kort og teikningar og myndna- og dagbækur frá íslensku sumrum. Þetta á svo að verða mennta- og fræðasetur alveg frá leikskóla og upp úr.“ Ómar Bjarki segir fulla ástæðu til að gera heimildamynd um Walker og störf hans á Íslandi.

Hjörleifur Guttormsson hélt á fimmtudagskvöld fjölsóttan fyrirlestur í Breiðdal um gildi rannsókna Walkers fyrir fræðitörf, menningu og ferðamenskú á Austurlandi, en Hjörleifur er vel kunnugur rannsóknnum Walkers. Tveir fyrirlestrar að auki eru fyrirhug-



Ljósmynd/ÓBS

aðir í tengslum við jarðfræðisetrið fram til vors, en það verður formlega opnað 23. ágúst í tengslum við stóra alþjóðlega jarðfræðiráðstefnu og vísindaförð um austan- og sunnanvert landið. Breiðdalsheppur auglýsti fyrir nokkrum dögum stóðu verkefnisstjóra jarðfræðisetursins og er komin inn ein formleg umsókn og nokkrir hafa sýnt áhuga.

SUÐURNES



Töskugerð Hrönn Arnarsdóttir íslenskukennari sýndi á sér nýjar hliðar með því að leiðbeina nemendum á námskeiði í leudrötöskugerð.

Þúsund manns við sköpunarstörf

Reykjanesbær | „Þetta brýtur upp hefðbundna dagskrá. Nemendur læra fullt og koma svo endurnærðir aftur í hefðbundið nám,“ segir Kolbrún Marelisdóttir, kennari við Fjölbrotaskóla Suðurnesja. Þar stendur nú yfir þemavika.

Þeim eitt þúsund nemendum sem stunda nám við skólann stendur til boða að taka þátt í fjölbreyttum námskeiðum, um fjórutíu talsins. Öll tengjast þau sköpun enda er það þema vikunnar. Kennararnir sýna á sér nýjar hliðar því að þeir fá að leiðbeina á námskeiðum sem tengjast þeirra áhugamálum utan vinnu. Þannig var Hrönn Arnarsdóttir íslenskukennari að leiðbeina á námskeiði í leudrötöskugerð. Ann- að dæmi er Bergþór Jónsson sem

sjálfur hefur leikið í hljómsveitum en hann var að aðstoða hóp nemenda við að æfa upp hljómsveit sem sýnir afrakstur erfiðis síns með því að leika á sal skólans í dag. Þá koma fyrirverandi nemendur auk þess sem fengnir eru fyrirlesarar lengra að.

Berglind Ægisdóttir og Birna Ásbjörnsdóttir tóku þátt í blómaskreytinganámskeiði og fannst gaman að kynna því. Daginn að- ur voru þær á glerblástursnámskeiði og fannst það ekki síður gaman enda fengu þær að gera skrautkúlur. „Þetta brýtur upp náníð og er smá-tilbreyting,“ sögðu vinkonurnar þegar komið var við hjá þeim í blómaskreytingunni.



Myndlist Nemendur fengu að skreyta stigagang í skólann. Hafdís Reynisdóttir blandar sér líti en Anita Róbertsdóttir er byrjuð að mála.



Morgunblaðið/Helgi Bjarnason

Blómaskreyting Berglind Ægisdóttir og Birna Ásbjörnsdóttir höfðu ánzægu af því að kynna blómaskreytingum á þemavikunni.



Nýtt heiti á vellinum

Keflavík | Knattspyrnuvöllur Keflavíkur mun framvegis bera heitið Sparisjóðsvöllurinn í Keflavík. Kom það fram þegar kynnt var nýr auglýsingar- og styrktarsamningur milli Sparisjóðsins í Keflavík og knattspyrnudeildar Keflavíkur. Geirmundur Kristinsson sparisjóðs- stjóri og Rúnar Arnarsson fráfarandi formaður deildarinnar undirrituðu samninginn.

Sparisjóðurinn í Keflavík hefur verið einn stærsti styrktaraðili knattspyrnudeildarinnar undanfarin ár og með þessum nýja samningi verður svo áfram. Samningurinn gildir í fjögur ár.

Starfsmenn fá aukagreiðslur

ÖLL sveitarfélögin á Suðurnesjum hafa samþykkt að ráðast í sérstakar aðgerðir í starfsmannamálum. Alag er greitt út á þessu ári auk þess sem teknir eru upp heilsuræktarstyrkir.

Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður og Sveitarfélagið Vogar stóðu saman að undirbúningi og hafa samþykkt samskonar aðgerðir. Áður höfðu Reykjanesbær og Grindavíkurbær kynnt sínar aðgerðir í starfsmannamálum.